

# HÚSÖNDIN

46.tbl. 2.árg.  
16.jan.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 17.-23. JANÚAR

- 17.1 *Eyþór Pétursson, Esja Matthíasdóttir Skagfield,  
Sylvía Ósk Sigurðardóttir*
- 20.1 *Steinn Ágúst Steinnsson, Ari Rúnar Gunnarsson*
- 22.1. *Linda Björk Árnadóttir, Steingrímur Viðar Karlsson,  
Berghóra Kristjánsdóttir*



## Zumba – Zumba – Zumba

Zumba námskeið hefst þann 4. febrúar næstkomandi og verður til 16. mars eða í 6 vikur. Námskeiðið fer fram í ÍMS í Reykjahlíð. Kennt verður á mánudögum og miðvikudögum frá kl: 17:00 - 18:00 og á laugardögum frá kl: 10:00 - 11:00.

Við verðum tvær að kenna, Ingibjörg Helga Jónsdóttir og Valerija Kishkurno og komum til með að skipta á milli okkar viku og viku.

Verð fyrir allt námskeiðið er 18.000 kr, stakur tími 1.500. Einnig verður hægt að kaupa 10 tíma kort á 12.000.

Til að skrá ykkur sendið okkur þá línu á [ingibjorghj@gmail.com](mailto:ingibjorghj@gmail.com) eða [valeerija.kishkurno@gmail.com](mailto:valeerija.kishkurno@gmail.com). Einnig getið þið hringt í okkur í síma 8219404 (Ingibjörg) og 8634436 (Valerija) eftir kl: 17:00 á daginn. Hlökkum til að sjá ykkur! :)

Ingibjörg Helga Jónsdóttir og Valerija Kishkurno

Zumba fitness dance instructors.



## Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum - Skipulagðar rútuferðir

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Fyrirkomulagið hefur þegar tekið gildi. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

[https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum\\_gjaldskra-2019.pdf](https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf)

**Vetraropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:**

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 09:30
- Laugardaga -14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

## Rútuferð í sund:

Síðasta laugardag í mánuði býður Skútustaðahreppur upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur, sem hér segir:

- 26. janúar
- 23. febrúar
- 30. mars
- 27. apríl
- 25. maí

Skylt er að skrá sig í hverja ferð fyrir sig í síðasta lagi sólarhring fyrir brottför. Nánari upplýsingar um ferðirnar og fyrirkomulag þeirra verða gefnar út fljótlega en lagt verður af stað upp úr kl. 13.15.

### Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.



# SÉRKENNSLUSTJÓRI

Sérkennslustjóri eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 70 - 100% stöðu. Umsóknarfrestur er til 25. janúar. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skýlirði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í

skólastarfi

- Jákvæðni og sveigjanleiki

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsuefandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið [ingibjorg@skutustadahreppur.is](mailto:ingibjorg@skutustadahreppur.is) eða leggja inn starfsúmsókn á heimasíðu leikskólans: [ylur.leikskolinn.is](http://ylur.leikskolinn.is) undir flípanum upplýsingar.



# DÓSASÖFNUN

Nemendur í 8. og 9. bekk Reykjahlíðarskóla verða með dósasöfnun í næstu viku. Safnað verður miðvikudag og fimmtudag (23.-24. jan).

Vinsamlega setjið pokana með dósum og flöskum við útidyrnar hjá ykkur ef þið verðið ekki heima á þessum tíma og viljið að þeir verði sóttir.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.  
Nemendur

## Framkvæmdir við heimarafstöð austan Drekgils

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 28. nóvember 2018 umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framkvæmdaleyfi vegna byggingar heimarafstöðvar við Drekgil og tengdar framkvæmdir með ákveðnum skilyrðum. Í því felst að í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur sveitarfélagið Skútustaðhreppur farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Niðurstaða sveitarstjórnar á fundi hennar þann 9. janúar 2019 er að bygging heimarafstöðvar við Drekgil sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. febrúar 2019.

Guðjón Vésteinnsson  
Skipulagsfulltrúi





## Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. október 2018 óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem bætt verði inn á aðalskipulagsuppdrátt nýjum áningarstöðum við Grjótagjá, Lofthelli og Lúdent til samræmis við tillögur að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæða í upplandi Voga. Tílefni breytingarinnar er aukinn ferðamannastraumur og þörf fyrir að koma upp lágmarksaðstöðu á helstu áningar- og áfangastöðum utan byggðar. Tilgangur með bætri aðstöðu ferðafólks er að breyta umgengni og öryggi þess og auðvelda stjórn og stýringu ferðamanna í viðkvæmri náttúru.

Á breyttum sveitaruppdrætti aðalskipulagsins eru þrjú hringtákn merkt 380-AF, 381-AF og 382-AF sett inn á uppdráttinn. Engin breyting er gerð á almennum texta greinagerðar.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Guðjón Vésteinsson  
Skipulagsfulltrúi  
gudjon@skutustadahreppur.is



# ÞORRABLÓT 2019

Porrablót Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldið í Skjólbrekku laugardaginn 26. janúar kl. 20:30.

**Húsið opnar kl. 20:00**

**Miðaverð 4.500 kr.-**

Hljómsveit Valmars leikur fyrir dansi

Kaffi, sykur og mjólk á staðnum.

Það verður hægt að koma með trogin í Skjólbrekku milli kl. 15 og 16 á Þorrablótsdaginn.

**Þátttaka tilkynnist til:**

Sollu P. í síma 847 2077 og Huldu Harðar síma 863 1484 föstudaginn 18. janúar og laugardaginn 19. janúar frá kl. 15-19

Miðar verða seldir í Kjörbúðinni Reykjahlíð mánudaginn 21. janúar og þriðjudaginn 22. janúar frá kl. 16-19.

Einnig verður hægt að leggja inn á reikning Kvenfélagsins 1110 - 26 - 010022 kt. 451187-1209 og senda kvittun á [kristveighalla@gmail.com](mailto:kristveighalla@gmail.com)

Miðar verða EKKI seldir í Skjólbrekku

Miðar fást EKKI endurgreiddir

ENGIR POSAR

Peir sem panta miða þurfa að hafa lögheimili hér í sveit. Munið að stilla gestafjölda í hóf og gestir þurfa að vera orðnir tvítugir. Ungmennni 16 ára og eldri með lögheimili í sveitinni eru velkomin ásamt kærasta/kærustu.

Það verður ekki selt sér inn á dansleikinn, hann er einungis fyrir matargesti.

Porrablótsnefndin

## Kæri íbúi í Skútustaðahreppi

Þekkingarnet Þingeyinga hefur tekið að sér skemmtilegt verkefni fyrir Skútustaðahrepp er snýr að því að mæla og auka hamingju íbúa sveitarfélagsins. Könnun verður hringd út á næstu dögum en hún er hluti af vinnu sveitarfélagsins í átt að markvissari og meðvitaðri ákvarðanatöku til að auka hamingju íbúanna. Rannsóknarsvið Þekkingarnetsins mun sjá um framkvæmd og úrvinnslu könnunar þar sem faglegt teymi sér um öll gögn og meðferð persónulegra upplýsinga.

Sveitarfélagið vonast eftir að íbúar taki vel í þessa könnun til að svarhlutfall verði sem best og nýta megi upplýsingar íbúum til hagsbóta. **Þeir sem vilja svara könnuninni rafrænt** er bent á að fara inná skutustadahreppur.is eða hac.is, en þar má finna fréttir um könnunina og vefhlekk til að svara.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur, sérfræðing á rannsóknarsviði ÞÞ greta@hac.is / 464-5142

*Husavik Academic Center (HAC) is administering a survey for the municipality Skútustaðahreppur with the agenda to measure and increase the happiness and wellbeing of the inhabitants. HAC researching team handles all data and personal information. The municipality wishes for a good participation so that the information can be used for a better community in Mývatn area. In the next day's HAC staff will try to get a hold of everyone by phone, **if you want to answer on the web** please go to skutustadahreppur.is or hac.is and find a link through the news report about the survey (Hamingjukönnun fyrir Skútustaðahrepp)*

*For more information contact Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, researcher at HAC greta@hac.is / 464-5142*





## Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Söfnun skólps, hreinsun og nýting á Hólasandi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 26. september 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur til að breyting verði gerð á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir söfnun salernisskólps í lokaðan geymslutank á Hólasandi og nýtingu þess til uppgræðslu á sandinum. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting nær til aðstöðu fyrir söfnunar- og geymslutank með tilheyrandi búnaði á Hólasandi.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með fimmtudeginum 10. janúar 2019 til og með fimmtudeginum 21. febrúar 2019. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is/> undir Skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 21. febrúar 2019. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: [gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Guðjón Vésteinsson  
Skipulagsfulltrúi